



Termix BV AVTQ tengigrind

Hraðvirk tengigrind til hitunar á neysluvatni fyrir fjölbýli, íþróttahús og skóla

Hraðvirkur neysluvatnshitari með varmaskipti og AVTQ þrýstistýrðum hitastilli. Tengigrindin er gerð til uppsetningar á vegg.

Notkun

Víða á Íslandi eru uppleyst efni í hitaveituvatninu sem notað er til hitunar eða neyslu. Þessi efni geta valdið útfellingum í lögnum og stjórnþúnaði. Samkvæmt heilbrigðisreglugerð er hitaveituvatn ekki flokkað sem neysluvatn. Yfirleitt eru þessi efni talin skaðlaus, en með tímanum fara þau að hafa áhrif á stjórnþúnað hitakerfa og trufla þannig virkni stjórnþúnaðarins. Hægt er að komast hjá þessu með því að nota varmaskipti sem notar "óhreina" hitaveituvatnið til þess að hita upp hreint ferskvatn til neyslu.

Termix BV AVTQ tengigrindin leysir þetta vandamál þar sem hitaveituvatnið er leitt gegnum varmaskipti sem hitar upp ferskvatn til neyslu. Það gerir húseigendum kleift að stilla hitastig heita neysluvatnsins þannig að hætta á brunaslysum minnkar verulega. Einnig er komið í veg fyrir kísilútfellingu á hreinlætis- og blöndunartæki, sem gerir þrif mun auðveldari, svo ekki sé talað um hina alkunnu hveralykt sem hverfur.

Búnaður

Termix BV AVTQ tengigrindin er 185 kW. Henni er stjórnað með AVTQ þrýstistýrðum hitastilli.

Stjórnþúnaður Termix BV AVTQ tengigrindarinnar hefur áralanga reynslu við íslenskar hitaveituaðstæður.

Sérstök athygli er vakin á því að Danfoss framleiðir margar gerðir af tengigrindum, t.d. sem aðeins eru fyrir heitt neysluvatn, snjóbræðslur, ofna- eða gólfhitun og grindur sem eru bæði fyrir neysluvatn og hitun í húsnæði af hvaða stærð og gerð sem er.

Efni

Öll rör í neysluvatnshluta og plötur í varmaskipti Termix BV ECL tengigrindarinnar eru úr ryðfríu stáli. Allar rörtengingar eru skrúfaðar og með völdum gæðapéttingum.

Termix BV AVTQ tengigrindin er, eins og allar tengigrindur frá Danfoss, afar auðveld í uppsetningu og notkun.




Helstu eiginleikar

- Hraðvirkur neysluvatnshitari
- Stillanlegt hitastig
- Stórminnkuð slysaætta
- Jafn þrýstingur á heitu og köldu vatni
- Enginn kísill á flísum og blöndunartækjum
- Lengri líftími blöndunartækja
- Lítill viðhaldskostnaður
- Rör og plötur varmaskiptis úr ryðfríu stáli
- Lámarks hætta á bakteríumyndun
- Auðveld í uppsetningu

Termix BV AVTQ tengigrind

Tengimynd - dæmi




- B. Varmaskiptir
8. AVTQ þrýstistýrður hitastillir
32. Þrýstistýring fyrir AVTQ
39. Lokuð tenging fyrir hringrás

Tæknilýsing:

Vinnuþrýstingur:	PN 16
Hitastig veituvatns:	Tmax = 120 °C
Þrýstingur á köldu vatni:	Pmin = 0,5 bar
Lóðefni í varmaskipti:	Kopar
Þyngd:	45 kg
Mál:	H 1000 x B 800 x D 340
Stjórnun:	AVTQ þrýstistýrður hitastillir
Gerð varmaskiptis	B36-1 60

Stærðir tenginga:

Hitaveita framrás (1)	25 mm	rörnippill
Hitaveita bakrás (2)	25 mm	rörnippill
Upphitað neysluvatn (3)	25 mm	rörnippill
Kalt neysluvatn (4)	25 mm	rörnippill



Málsetning á tengingum séð ofan frá

Afköst miðað við hitastig neysluvatns 6°C / 60°C

Gerð tengigrindar	Afköst kW	Framrás hitaveitu °C	Bakrás hitaveitu °C	Þrýstifall hitaveitu kPa	Flæði neysluvatns l/min
IS99182300	185	70	25	5	50

Danfoss hf • Skútuvoqi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Danfoss hf tekur ekki ábyrgð á hugsanlegum villum í bæklingum eða öðru prentuðu máli. Danfoss áskilur sér allan rétt til breytinga á framleiðslu sinni, án undangenginnar viðvörunar, þar á meðal á vörum sem eru í þöntun, svo framarlega sem það veldur ekki breytingum á umsómdum gildum. Öll vörumerki í tæknilyðingunum tilheyra viðkomandi fyrirtækjum. Danfoss nafnið og Danfoss vörumerkið eru eign Danfoss A/S. Öll réttindi áskilin.